

Nr. 056 / 11 Hafursey VE 122***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1416
IMO nr 7383035
Smíðaður: Mandal Noregi 1975 stál
Stærð: 346,5 brl. 474,7 bt.
Mesta lengd: 43,57 m Skráð lengd: 39,11 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6,5 m
Vél: Wichmann 729 kW 1974
Fjöldi skipverja: 11



Hafursey ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. mars 2011 var Hafursey VE 122 að netaveiðum skammt austan Vestmannaeyja. Veður: Vestan 16 m/sek.

Verið var að ganga frá afla og búið að hleypa þvottavatni niður af þvottakarinu en nokkuð af fiski var ennþá í því. Einn skipverja fór ofan í það og ætlaði að flýta fyrir að fiskurinn kæmust á færibaldið og niður í lest. Þegar skipverjinn hafði lokið verkinu ætlaði hann upp úr karinu en veltingur olli því að hann rann til og missti fótanna. Greip hann í rör fyrir ofan og bar fyrir sig fætunna að nýju en steig þá ofan á færibaldið. Pinnar á bandinu klemmdu annan fótinn sem losnaði þó fljótlega.

Slasaði leitaði læknis eftir að komið var í höfn um kvöldið og við skoðun kom í ljós að blætt hafi inn á vöðva og lið.

Við rannsókn kom fram:

- að þvottakarið er um 150 til 160 sm að dýpt og kemur færibaldið stjórnborðs megin upp úr botninum en fiskurinn vill liggja bakborðsmegin í því ef lítil hreyfing er á skipinu eða viðvarandi bakborðs slagsíða;
- að sögn slasaða var það sennilega kjánaskapur eða fljótfærni af honum að fara upp í þvottakarið í stað þess að fá sér áhald eins og gogg til að stugga við fiskinum að færibandinu;
- að slasaði hafði verið fjóra daga um borð í skipinu;
- að sögn skipstjóra er það ekki viðtekin venja eða vinnuregla að fara upp í þvottakarið til að ýta til afla. Hann efaðist um að þetta hafi flýtt fyrir fremur en nota áhald eða bíða veltunnar.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var fljótfærni slasaða.